Nr. 1050 9. nóvember 2015

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá nr. 984/2012 fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunareftirlit í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.**

1. gr.

1. og 2. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

| | |
|---|---|
| Tímagjald | kr. 11.000 |
| Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun | kr. 13.000 |

Kostnaður vegna viðbótareftirlits ásamt greiningu og sýnatöku sbr. 10. kafla laga um matvæli nr. 93/1995, greiðist samkvæmt reikningi.

2. gr.

Gjaldskrárbreytingin er samþykkt af aðildarsveitarfélögum heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og staðfestist hér með heimild í 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 með síðari breytingum, 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og X. kafla laga um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Garðabæ, 9. nóvember 2015.*

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

**Guðmundur H. Einarsson** framkvæmdastjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. nóvember 2015

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá nr. 984/2012 fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunareftirlit í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.**

1. gr.

1. og 2. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

| | |
|---|---|
| Tímagjald | kr. 10.800 |
| Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun | kr. 12.600 |

2. gr.

Gjöld skv. viðauka gjaldskrárinnar hækka hlutfallslega í samræmi við ofangreinda breytingu.

Auglýsing þessi er samþykkt af aðildarsveitarfélögum heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og staðfestist með vísun til ákvæða 12. gr. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Garðabæ, 10. desember 2014.*

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

**Guðmundur H. Einarsson** framkvæmdastjóri.

---

Nr. 1034 8. nóvember 2013

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá nr. 984/2012 fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunareftirlit á Álftanesi, í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.**

1. gr.

1. og 2. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

| | |
|---|---|
| Tímagjald | kr. 10.400 |
| Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun | kr. 12.000 |

2. gr.

Gjöld skv. viðauka gjaldskrárinnar hækka hlutfallslega í samræmi við ofangreinda breytingu.

Auglýsing þessi er samþykkt af aðildarsveitarfélögum heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og staðfestist með vísun til ákvæða 12. gr. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Garðabæ, 8. nóvember 2013.*

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

**Guðmundur H. Einarsson** framkvæmdastjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2013

Nr. 984

8. nóvember 2012

# GJALDSKRÁ

## fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunareftirlit á Álftanesi, í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

| | |
|---|---|
| Tímagjald | kr. 10.000 |
| Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun | kr. 11.000 |

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun. Heimilt er að breyta eftirlitsáætlun hjá einstaka fyrirtæki verði eftirlit frábrugðið s.s. vegna takmarkaðrar starfsemi, vottaðs gæðakerfis eða öflugs innra eftirlits og lækka gjaldið til samræmis. Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur. Um starfsemi sem er eftirlitsskyld og ekki kemur fram á fylgiskjali, viðauka A, greiðist eftirlitsgjald eins og um þjónustuverkefni væri að ræða.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

| | |
|---|---|
| Endurnýjun starfsleyfis: | |
| Starfsleyfisgjald | eitt og hálft tímagjald |
| Auk auglýsingakostnaðar ef við á | |
| Ný starfsemi: | |
| Starfsleyfisgjald | tvö tímagjöld |
| Auk eftirlitsgjalds viðkomandi fyrirtækjaflokks | |
| Auk auglýsingakostnaðar ef við á | |
| Önnur leyfi: | |
| Leyfisgjald | tvö tímagjöld |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á. | |

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum skal greiða eitt tímagjald.

6. gr.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og XI. kafla laga nr. 93/1995, með síðari breytingum, skal innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og aukin eftirlitsverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við fylgiskjal gjaldskrárinnar, viðauka A, og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallsins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, skal eftir eðli og umfangi starfseminnar leggja saman eftirlitsgjöld vegna viðeigandi starfsemi. Heimilt er þó að innheimta eitt árlegt eftirlitsgjald, í þeim flokki sem hæstur er ef aukning umfangs við eftirlit er óveruleg.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness 1. nóvember 2012, bæjarstjórn Garðabæjar 18. október 2012, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 24. október 2012 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar 23. október 2012, með vísun til ákvæða 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, 21. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1214/2011 fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlit á Álftanesi, í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

*Garðabæ, 8. nóvember 2012.*

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

**Guðmundur H. Einarsson** framkvæmdastjóri.

**Fylgiskjal.**

VIÐAUKI A
**með gjaldskrá matvæla-, heilbrigðis- og mengunareftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.**

| Númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|---|
| 926200 | Akstursíþróttasvæði og/eða akstursæfingabraut | 1 | | 30.000 |
| 12401 | Alifuglarækt | 1 | | 55.000 |
| 522500 | Áfengisverslun | 0,25 | | 7.500 |
| 158103 | Bakarí | 1 | 1 | 66.000 |
| 158104 | Bakarí og veitingasala | 1 | 1 | 66.000 |
| 505000 | Bensínstöð | 1 | | 35.000 |
| 502001 | Bílgrein, lítið bifreiða- og vélaverkstæði | 0,5 | | 15.000 |
| 5020010 | Bílgrein, lítil bónstöð, viðgerðaraðstaða o.þ.h. | 0,5 | | 15.000 |
| 5020011 | Bílgrein, ryðvörn o.þ.h. | 1 | | 50.000 |
| 5020012 | Bílgrein, smurstöð | 0,5 | | 30.000 |
| 5020013 | Bílgrein o.fl., geymsla og viðgerðir, lítið umfang | 0,5 | | 10.000 |
| 5020014 | Bílgrein o.fl., verkstæði fyrirtækja | 0,5 | | 30.000 |
| 5020015 | Bílgrein, hjólbarðaverkstæði | 0,5 | | 10.000 |
| 5020017 | Bílgrein, verkstæði fyrir þungavinnutæki o.þ.h. | 1 | | 70.000 |
| 5020020 | Bílgrein, bifreiða- og vélaverkstæði | 0,5 | | 30.000 |
| 5020050 | Bílgrein, margþætt starfsemi | 1 | | 70.000 |
| 5020070 | Bílgrein, bifreiðasprautun | 0,5 | | 30.000 |
| 5020080 | Bílgrein, réttingaverkstæði | 0,5 | | 15.000 |
| 5020090 | Bílgrein, þvotta- og bónstöð | 0,5 | | 30.000 |
| 5030040 | Bílgrein, partasala > 3 stæði | 2 | | 50.000 |
| 9000100 | Brenna | 1 | | 30.000 |
| 853211 | Daggæsla í heimahúsi með > 6 börn | 0,5 | | 15.000 |
| 851143 | Dvalar- og hjúkrunarheimili | 2 | 1 | 91.000 |
| 852002 | Dýralæknastofa | 0,5 | | 15.000 |
| 930102 | Efnalaug og/eða þvottahús | 0,5 | | 35.000 |
| 851145 | Endurhæfingar-, dvalar- og hjúkrunarheimili með sundlaug | 4 | 3 | 153.000 |
| 372000 | Endurnýting úrgangs úr öðru en málmum | 1 | | 45.000 |
| 752301 | Fangageymsla | 0,5 | | 12.500 |
| 752302 | Fangelsi | 1 | | 40.000 |
| 853261 | Félagsaðstaða, kennsluhúsnæði, samkomustaður o.þ.h. án eldhúss | 0,5 | | 15.000 |
| 853262 | Félagsaðstaða, kennsluhúsnæði, samkomustaður o.þ.h. með eldhúsi | | | 20.000 |
| 522304 | Fiskbúð | 1 | 1 | 46.000 |
| 152020 | Fiskverkun – almenn | 1 | | 50.000 |
| 152090 | Fiskverkun – sérhæfð | 1 | | 60.000 |
| 552102 | Fjallaskáli | 0,5 | | 15.000 |
| 632302 | Flugvöllur án eldsneytisafgreiðslu | 0,25 | | 15.000 |
| 900005 | Flutningur eða móttaka spilliefna | 0,5 | | 21.250 |
| 851491 | Fótaaðgerðarstofa | 0,5 | | 15.000 |
| 748102 | Framköllunarþjónusta | 0,5 | | 15.000 |
| 11210 | Framleiðsla á fræ- eða baunaspírum | 1 | 1 | 46.000 |
| 156102 | Framleiðsla eða pökkun á kornvörum | | | 56.000 |

| Númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|---|
| 266100 | Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 1 | | 50.000 |
| 15710 | Framleiðsla á dýrafóðri | 0,5 | | 20.000 |
| 158801 | Framleiðsla á matvöru til matvælavinnslu | 1 | 1 | 56.000 |
| 266300 | Framleiðsla á steinsteypu | 1 | | 50.000 |
| 252200 | Framleiðsla á umbúðaplasti | 1 | | 50.000 |
| 153304 | Framleiðsla tilbúinna rétta | 2 | 1 | 56.000 |
| 158501 | Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli | | | 55.000 |
| 631206 | Gasbirgðastöð | 1 | | 45.000 |
| 900004 | Gámastöð | 1 | | 20.000 |
| 551102 | Gisting, hótel, veitingasala | 1 | 1 | 81.000 |
| 551201 | Gisting – gistiheimili eða lítið hótel með veitingasölu | 1 | 1 | 46.000 |
| 551202 | Gistiheimili án veitingasölu | 0,5 | | 15.000 |
| 551204 | Gisting, heimagisting | 0,25 | | 7.500 |
| 261100 | Gleriðnaður, minni háttar sala varasamra efna | 0,5 | | 15.250 |
| 261200 | Gleriðnaður | 1 | | 30.000 |
| 141100 | Grjótnám til mannvirkjagerðar | 1 | | 50.000 |
| 801001 | Grunnskóli án mötuneytis | 0,5 | | 25.000 |
| 801003 | Grunnskóli með mötuneyti | 1 | 1 | 76.500 |
| 524910 | Gæludýraverslun | 0,5 | | 15.000 |
| 853223 | Gæsluvöllur og opið leiksvæði | 1 | | 30.000 |
| 930200 | Hárgreiðslu- og snyrtistofa | 0,5 | | 17.500 |
| 930201 | Hárgreiðslustofa | 0,5 | | 15.000 |
| 851211 | Heilsugæslustöð | 0,5 | | 15.000 |
| 853110 | Heimili með félags- og heilbrigðisþjónustu | 0,5 | | 30.000 |
| 926202 | Hestaleigur, reiðskólar, hestaíþróttir | 1 | | 30.000 |
| 926203 | Hestaíþróttasvæði þ.m.t. reiðhöll | 1 | | 30.000 |
| 851494 | Húðflúrstofa | 2 | | 30.000 |
| 851495 | Húðgötun | 1 | | 30.000 |
| 926104 | Íþróttahús, lítið | 1 | | 30.000 |
| 926106 | Íþróttahús | 1 | | 50.000 |
| 926107 | Íþróttavellir | 1 | | 30.000 |
| 524613 | Járnvöruverslanir minniháttar sala á vörum sem innihalda hættuleg efni og eiturefni | 0,5 | | 16.250 |
| 15860 | Kaffibrennsla | 0,5 | | 22.500 |
| 555203 | Kaffihús, lítið | 0,5 | | 10.000 |
| 554002 | Kaffihús, krá, án matsölu | 1 | | 30.500 |
| 554001 | Kaffihús, krá, með matsölu | 1 | 1 | 71.000 |
| 9262020 | Kappaksturs- og æfingabraut | 1 | | 30.000 |
| 802103 | Kennslustaður, framhaldsskólastig, mötuneyti | 1 | 1 | 71.000 |
| 802204 | Kennslustaður, verknám í matvælavinnslu | 1 | 1 | 71.000 |
| 804220 | Kennslustaður, dansskóli, ökuskóli, tónlistarskóli o.þ.h. | 0,5 | | 15.000 |
| 366300 | Kertaverksmiðja | 0,5 | | 7.500 |
| 151302 | Kjötvinnsla | 0,5 | | 22.500 |
| 158701 | Krydd- og bragðefnapökkun | 1 | 0,5 | 50.500 |
| 921302 | Kvikmyndahús | 1 | | 30.000 |
| 923101 | Leikhús | 1 | | 30.000 |

| Númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|---|
| 853224 | Leikskóli án mötuneytis | 1 | | 50.000 |
| 853222 | Leikskóli með mötuneyti | 2 | 1 | 96.500 |
| 930401 | Líkamsræktarstöð, lítil | 0,5 | | 15.000 |
| 930402 | Líkamsræktarstöð | 1 | | 30.000 |
| 930405 | Líkamsræktarstöð, með heitum pottum | 2 | 1 | 71.000 |
| 244200 | Lyfjagerð | 1 | | 47.500 |
| 851221 | Læknastofa | 0,5 | | 15.000 |
| 851222 | Læknahús, röntgen, aðgerðastofa | 0,5 | | 17.500 |
| 142100 | Malar- og sandnám - efnistaka á vatnsverndarsvæði | 1 | | 70.000 |
| 553011 | Matsölustaður, lítill | 2 | 0,5 | 71.000 |
| 553012 | Matsölustaður | 2 | 1 | 91.000 |
| 521124 | Matvörusala, (lítil heildverslun) | 1 | | 31.000 |
| 523100 | Matvöru- og snyrtivörusala, sérhæfð | 1 | | 25.000 |
| 521122 | Matvöruverslun með vinnslu | 2 | 1 | 81.000 |
| 521123 | Matvöruverslun án vinnslu | 2 | | 46.000 |
| 285101 | Málmiðn; sandblástur | 1 | | 40.000 |
| 285201 | Málmiðn; blikksmiði með lítið umfang | 0,5 | | 6.250 |
| 351102 | Málmiðn; flotkví | 1 | | 62.500 |
| 285202 | Málmiðn; járn-, ál- og stálsmiðja | 0,5 | | 26.250 |
| 291100 | Málmiðn; vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði | 0,5 | | 26.250 |
| 292301 | Málmiðn; kælitækjaþjónusta, viðgerðir og nýsmíði | 0,5 | | 23.750 |
| 401002 | Málmiðn, spennaviðgerðir | 0,5 | | 16.250 |
| 275001 | Málmsteypa < 20 tonn á dag | 0,5 | | 20.000 |
| 524621 | Málningarvöruverslun | 1 | | 52.500 |
| 285100 | Meðferð og húðun málma | 1 | | 40.000 |
| 514420 | Merkingarskyld efnavara (minni háttar) | 0,5 | | 16.250 |
| 514421 | Merkingarskyld efnavara | 1 | | 42.500 |
| 515702 | Móttaka brotamálms | 2 | | 90.000 |
| 515703 | Móttaka á úrgangi til endurnýtingar | 1 | | 35.000 |
| 555102 | Mötuneyti | 1 | 1 | 51.000 |
| 555101 | Mötuneyti, lítið (allt að 25 gestir) | 1 | | 30.000 |
| 151302 | Niðursuðuverksmiðja | 0,5 | | 22.500 |
| 930409 | Nuddstofa | 0,5 | | 13.750 |
| 212101 | Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla | 0,5 | | 17.500 |
| 252101 | Plastiðnaður, vinnsla með plast og frauðefni | 0,5 | | 17.500 |
| 222291 | Prentiðnaður | 0,5 | | 16.250 |
| 245100 | Pökkun á sápuefnum | 1 | | 35.000 |
| 314001 | Rafgeymaverksmiðja og verkstæði | 0,5 | | 16.250 |
| 316201 | Rafvélaverkstæði | 0,5 | | 16.250 |
| 151302 | Reykhús og/eða reykofn | 0,5 | | 22.500 |
| 514421 | Sala á vörum sem innihalda hættuleg efni og eiturefni | 1 | | 42.500 |
| 524991 | Sala (minni háttar) á vörum sem innihalda hættuleg efni og eiturefni | 0,5 | | 16.250 |
| 555201 | Sala á tilbúnum mat, lítil | 2 | 1 | 77.000 |
| 555202 | Sala á tilbúnum mat | 2 | 1 | 96.000 |
| 853140 | Sambýli | 0,5 | | 15.000 |

| Númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|---|
| 554004 | Samkomusalir | 0,5 | | 15.000 |
| 851411 | Sjúkraþjálfun, endurhæfing o.þ.h. | 0,5 | | 15.000 |
| 926108 | Skíðasvæði, lyftur og viðgerðaraðstaða | 1 | | 101.000 |
| 927201 | Skotvöllur | 1 | | 25.000 |
| 900003 | Skólphreinsistöð, < 10.000 pe | 1 | | 50.000 |
| 553014 | Skyndibitastaður eða veitingastofa | 2 | 0,5 | 71.000 |
| 553015 | Skyndibitastaður eða veitingahús | 2 | 1 | 91.000 |
| 553017 | Smáhýsi (matvörudreifing) eða matsöluvagn | 1 | | 46.000 |
| 522400 | Smásala á innpökkuðu sælgæti o.þ.h. | 0,25 | | 5.000 |
| 930202 | Snyrtistofa | 0,5 | | 15.000 |
| 523301 | Snyrtivöruverslun | 1 | | 20.000 |
| 523100 | Snyrtivara, matvara, sérhæfð verslun s.s. apótek | 1 | | 25.000 |
| 523302 | Snyrtivörusala, minni háttar | 0,5 | | 10.000 |
| 900007 | Sorpflutningar og sorphirða | 1 | | 42.500 |
| 930407 | Sólbaðstofa | 1 | | 35.000 |
| 401001 | Spennistöð | 0,5 | | 16.250 |
| 267000 | Steinsmíði | 1 | | 30.000 |
| 267001 | Steinsmíði, minni háttar | 0,5 | | 15.000 |
| 801004 | Sumarbúðir | 1 | | 35.000 |
| 153301 | Sultu- og ávaxtagrautargerð | 1 | 1 | 56.000 |
| 926101 | Sund- og baðstaður, lítill | 3 | 2 | 127.000 |
| 926102 | Sund- og baðstaður | 5 | 5 | 230.000 |
| 158401 | Súkkulaði- og sælgætisgerð | 1 | 0,5 | 50.500 |
| 851311 | Tannlæknastofa | 0,5 | | 27.500 |
| 158600 | Te- eða kaffipökkun | 0,5 | 0,5 | 20.500 |
| 552203 | Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði | 1 | | 27.500 |
| 521130 | Tóbakssala | 2 | | 40.000 |
| 203092 | Trésmiðja, án lökkunar og/eða lítið umfang | 0,5 | | 17.500 |
| 203091 | Trésmiðja, með lökkun og/eða mikið umfang | 1 | | 35.000 |
| 401003 | Varaaflstöð, olíubirgðir < 1.600 l | 0,5 | | 17.500 |
| 401004 | Varaaflstöð, olíubirgðir > 1.600 l | 1 | | 35.000 |
| 524992 | Varahlutaverslun, minniháttar sala á vörum sem innihalda hættuleg efni og eiturefni | 0,5 | | 16.250 |
| 410002 | Vatnsveita og vatnsból 30.000 – 40.000 íbúar | 25 | 25 | 1.025.000 |
| 410003 | Vatnsveita og vatnsból 25.000 – 30.000 íbúar | 22 | 22 | 902.000 |
| 410004 | Vatnsveita án vatnsbóls > 5.000 íbúar | 12 | 22 | 432.000 |
| 410005 | Vatnsveita án vatnsbóls 1.000 - 5.000 íbúar | 4 | 4 | 154.000 |
| 410006 | Vatnsveita og/eða vatnsból < 1.000 íbúar | 1 | 1 | 41.000 |
| 410007 | Vatnsveita, einkavatnsból | 1 | 1 | 41.000 |
| 553014 | Veitingastofa | 2 | 0,5 | 71.000 |
| 553015 | Veitingahús | 2 | 1 | 91.000 |
| 553017 | Veitingavagn | 1 | | 46.000 |
| 553018 | Veitingaverslun, brauðstofa, ísbúð | 1 | 1 | 71.000 |
| 514420 | Verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni, minniháttar | 0,5 | | 15.438 |
| 526201 | Verslunarmiðstöð | 1 | | 40.000 |
| 524991 | Véla- og tækjasala, minniháttar sala á vörum sem innihalda hættuleg efni og eiturefni | 0,5 | | 16.250 |

| Númer | Heiti atvinnugreinar | Tíðni | Sýnafjöldi | Gjald kr. |
|---|---|---|---|---|
| 351102 | Viðhald skipa | 1 | | 62.500 |
| 252303 | Vinnsla með trefjaplast | 1 | | 55.000 |
| 851144 | Vistheimili | 0,5 | | 17.500 |
| 631202 | Vörugeymsla | 1 | | 42.500 |
| 631203 | Vörugeymsla, lítil | 0,5 | | 16.250 |
| 930102 | Þvottahús og/eða efnalaug | 1 | | 35.000 |